

Landsvaki hf

Ársreikningur 2008

Efnisyfirlit

A-hluti	Bls.	B-hluti	Bls.
Ársreikningur rekstrarfélagsins		Ársreikningur fjárfestingarsjóða	27
Skýrsla stjórnar.....	3-4	Rekstrarreikningur.....	28
Áritun endurskoðenda.....	5	Efnahagsreikningur.....	29
Rekstrarreikningur.....	6	Yfirlit um breytingu á hreinni eign.....	30
Efnahagsreikningur.....	7-8	Skýringar og sundurliðanir.....	31-39
Sjóðstreymi.....	9		
Skýringar og sundurliðanir.....	10-13		
B-hluti		Ársreikningur fagfjárfestasjóða	40
Ársreikningur verðbréfasjóða	14	Landsbanki Private Equity I.....	41-48
Rekstrarreikningur.....	15		
Efnahagsreikningur.....	16-17		
Yfirlit um breytingu á hreinni eign.....	18		
Skýringar og sundurliðanir.....	19-26		

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Landsvaki hf. er rekstrarfélag sem starfar á grundvelli laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og er tilgangur félagsins að annast rekstur verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlegar fjárfestingar í samræmi við starfsleyfi.

Ársreikningur Landsvaka hf. skiptist í tvo hluta A og B-hluta. A-hluti inniheldur ársreikning rekstrarfélagsins sjálfs fyrir árið 2008 en B-hluti inniheldur ársreikning verðbréfasjóða, fjárfestingasjóða og fagfjárfestingsjóða sem voru í rekstri hjá Landsvaka hf. Er þessi framsetning í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins um reikningssskil rekstrarfélaga. Ársreikningurinn í heild er gerður samkvæmt sömu reikningskilareglum og árið á undan.

Ársreikningur Landsvaka hf. A-hluti er hluti af samstæðureikningi NBI hf. frá 8. október 2008 en ársreikningur Landsvaka B-hluta er ekki hluti af samstæðuársreikningi NBI hf. vegna eðli starfsemi þeirra sjóða sem Landsvaki rekur.

Þær aðstæður sem sköpuðust á íslenskum fjármálamarkaða við fall bankanna í byrjun október 2008 höfðu mikil áhrif á rekstrarumhverfi félagsins og olli mikilli rýrnun á eignum einstakra sjóða í rekstri Landsvaka. Með setningu svokallaðra neyðarlaga, nr. 125/2008, var kröfuröð breytt og innlán gerð að forgangskröfum. Við þetta gjörbreyttust forsendur um mat skuldabréfa íslensku bankanna sem sjóðir í rekstri Landsvaka hf. höfðu fjárfest í og verðmæti slíkra skuldabréfa lækkaði mikið.

Í lok ársins 2008 annaðist Landsvaki hf. rekstur 26 sjóða um sameiginlega fjárfestingu samanborið við 29 sjóði í árslok 2007 en á árinu voru stofnaðir 2 nýjir sjóðir og 5 sjóðum var slitið. Í árslok nam heildarstærð sjóða í rekstri Landsvaka 75,5 milljörðum króna samanborið við 251,4 milljarða í árslok 2007. Frá byrjun árs 2009 hefur umfang sjóða félagsins minnkað verulega. Þar sem umsýslu þóknanir vegna reksturs sjóða er megin tekjustofn félagsins má gera ráð fyrir að verulega dragi úr tekjum félagsins á árinu 2009 samanborið við árið 2008.

Í framhaldi af tilmælum Fjármálaeftirlitsins til rekstrarfélaga þann 17. október 2008 um að þau skyldu grípa til aðgerða sem leiddu til slíta peningamarkaðssjóða tók stjórn Landsvaka hf. ákvörðun um slit á eftirfarandi sjóðum: Peningabréf Landsbankans ISK, Peningabréf Landsbankans EUR, Peningabréf Landsbankans USD, Peningabréf Landsbankans GBP, Peningabréf Landsbankans DKK. Þá var Peningabréfum Landsbankans CAD slitið á árinu 2009.

Jafnframt var á árinu 2008 tekin ákvörðun um að hætta starfsemi Landsbanki Diversified Yield Fund og Landsbanki Currency Fund. Sölu á eignum þessara sjóða og útgreiðslu til hlutdeildarskírteinishafa er að mestu lokið en formlegum slitum er ekki lokið. Þá hefur verið tekin ákvörðun um það á árinu 2009 að slíta Fyrirtækjabréfum Landsbankans með þeim hætti að eigendum hlutdeildarskírteina verði greitt úr sjóðnum eftir því sem eignir hans innheimtast eða seljast. Jafnframt hefur verið tekin ákvörðun um að slíta Vísitölubréfum Landsbankans í samræmi við tilmæli Fjármálaeftirlitsins frá 23. október 2008. Útgreiðslu og formlegum slitum er ekki lokið.

Tap varð á rekstri félagsins á árinu að fjárhæð 274 milljónir króna samkvæmt rekstrarreikningi félagsins. Eigið fé Landsvaka í árslok nam 142 milljónum króna samkvæmt efnahagsreikningi. Eiginfjárlutfall félagsins, sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, var 21,5% en þetta hlutfall má ekki vera lægra en 8,0% samkvæmt lögum.

Landsvaki hf. var samskattaður með Landsbanka Íslands hf. við álagningu þinggjalda á árinu 2008. Samkvæmt lögum um tekjuskatt bera samsköttuð félög sameiginlega ábyrgð á álögðum tekjuskatti. Í þessu fólst að ábyrgð Landsvaka hf. vegna álagningar gat orðið allt að 4,6 milljarðar króna. Félagið hefur verið í viðræðum við skattayfirvöld vegna málsins og hefur náðst samkomulag um að félagið inni af hendi greiðslu sem nemur 460 milljónum króna og losni jafnframt undan frekari skuldbindingum vegna ábyrgðarinnar. Sú greiðsla hefur þegar verið innt af hendi og færð til gjalda í rekstrarreikningi félagsins fyrir árið 2008. Í framhaldinu hefur embætti Tollstjóra staðfest að Landsvaki hf. beri ekki frekari ábyrgð á greiðslu vegna þessa. Jafnframt hefur NBI hf. samþykkt að leggja félaginu til nýtt eigið fé að fjárhæð 150 milljónum króna til að tryggja að félagið uppfylli áfram ákvæði laga um eigið fé fjármálafyrirtækja. Hefur jafnframt verið tekið tillit til þeirrar hlutfjárukningar í ársreikningi félagsins fyrir árið 2008.

Hlutfé Landsvaka nam í árslok 100 milljónum króna og er allt í eigu NBI hf.

Í lok ársins störfuðu 8 starfsmenn hjá félaginu en meðalfjöldi starfsmanna var 13. Launakostnaður ársins nam 169,2 milljónum króna.

Yfirlýsing stjórnar Landsvaka hf.

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar er ársreikningur A og B hluta félagsins saminn í samræmi við reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða og ákvæði ársreikningslaga nr. 3/2006 og gefur hann að mati stjórnar glögga mynd af eignum og skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu A og B hluta félagsins vegna ársins 2008.

Samkvæmt mati stjórnar felst í ársreikningi A og B hluta Landsvaka hf. glögg yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri félagsins og sjóða í rekstri þess, stöðu þeirra á árinu 2008 ásamt því að gerð er grein fyrir helstu áhættu- og óvissuþáttum sem félagið og sjóðir í rekstri þess standa frammi fyrir.

Stjórn og framkvæmdastjóri Landsvaka hf. staðfesta hér með ársreikninga félagsins fyrir árið 2008 með undirritun sinni.

Reykjavík, 11. maí 2009

Í stjórn félagsins

Helga Melkorka Óttarsdóttir

Þórir Örn Ingólfsson

Guðmundur Guðmundsson

Framkvæmdastjóri

Tryggvi Tryggvason

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Landsvaka hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Landsvaka hf. fyrir árið 2008. Ársreikningurinn er í tveimur hlutum, A-hluta og B-hluta. A-hlutinn nær yfir rekstrarfélagið sjálft en B-hlutinn nær yfir verðbréfasjóði, fjárfestingasjóði og fagfjárfestingasjóði. A-hlutinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. B-hlutinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingar á hreinni eign, yfirlit um fjárfestingar og skýringar fyrir verðbréfasjóði, fjárfestingasjóði og fagfjárfestingasjóði.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins og sjóðanna á árinu 2008, efnahag 31. desember 2008, breytingu á handbæru fé á árinu 2008 og hreinni eign sjóðanna á árinu 2008, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Ábending

Án þess að gera um það fyrirvara í áliti okkar viljum við vekja athygli á umfjöllun um mat á fjárfestingum í reikningi B-hluta Landsvaka hf.

Reykjavík, 11. maí 2009.

PricewaterhouseCoopers hf

Jón H. Sigurðsson

Vignir Rafn Gíslason

Rekstrarreikningur ársins 2008

		<u>2008</u>	<u>2007</u>
	Skýr		
Rekstrartekjur			
Umsýsluþóknun		2.120.780	2.062.902
Aðrar tekjur		0	51.826
	Heildartekjur	<u>2.120.780</u>	<u>2.114.728</u>
Fjármagnstekjur (fjármagnsgjöld)		187.483	(1.214)
	Hreinar rekstrartekjur	<u>2.308.263</u>	<u>2.113.513</u>
 Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	2	169.234	261.826
Sértæk niðurfærsla verðbréfa		57.301	0
Annar rekstrarkostnaður		1.863.383	1.673.412
	Rekstrargjöld alls	<u>2.089.918</u>	<u>1.935.237</u>
 Hagnaður fyrir skatta		218.344	178.276
Reiknaðir skattar	5	(32.752)	(32.090)
Áhrif ábyrgðar vegna samsköttunar	6	(460.000)	0
 (Tap) hagnaður ársins		<u>(274.407)</u>	<u>146.186</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2008

Eignir	Skýr	<u>31.12.2008</u>	<u>31.12.2007</u>
Verðbréf			
Hlutdeildarskírteini		0	57.301
Aðrar eignir			
Kröfur á sjóði		458.471	377.312
Aðrar skammtímakröfur		1	104
Ógreitt hlutafjárloforð		<u>150.000</u>	<u>0</u>
		608.473	377.416
Handbært fé		857.564	503.920
Eignir samtals		<u><u>1.466.036</u></u>	<u><u>938.637</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2008

Eigið fé og skuldir	Skýringar	<u>31.12.2008</u>	<u>31.12.2007</u>
Eigið fé	3		
Hlutfé		100.000	100.000
Yfirverð		50.000	0
Lögbundinn varasjóður		0	25.000
Óráðstafað eigið fé		(8.276)	141.131
		<u>141.724</u>	<u>266.131</u>
 Skuldir			
Skuldir við tengd félög		818.679	579.393
Aðrar skammtímaskuldir		12.882	61.023
Skattar		492.752	32.090
		<u>1.324.312</u>	<u>672.506</u>
 Skuldir samtals		1.324.312	672.506
 Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>1.466.036</u></u>	<u><u>938.637</u></u>

Yfirlit um sjóðsstreymi ársins 2008

	<u>2008</u>	<u>2007</u>
Rekstrarhreyfingar		
Hreint veltufé frá rekstri:		
(Tap) hagnaður ársins 3	(274.407)	146.186
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:		
Aðrir liðir	<u>57.301</u>	<u>(51.826)</u>
	(217.106)	94.361
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:		
Skammtímakröfur	(81.057)	152.516
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:		
Skammtímaskuldir	<u>651.806</u>	<u>116.107</u>
	570.750	268.622
Handbært fé frá rekstri	<u>353.643</u>	<u>362.983</u>
Fjárfestingahreyfingar	0	0
Fjármögnunarahreyfingar		
Innborgað hlutafé	0	60.000
Greiddur arður	<u>0</u>	<u>(60.000)</u>
	0	0
Hækkun á handbæru fé	353.643	362.983
Handbært fé í byrjun ársins	<u>503.920</u>	<u>140.937</u>
Handbært fé í lok ársins	<u><u>857.564</u></u>	<u><u>503.920</u></u>

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

1.1 Almennar upplýsingar

Landsvaki hf. er rekstrarfélag sem starfar á grundvelli laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og annast rekstur verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu ásamt því að annast eignastýringu fyrir lífeyrissjóði. Ársreikningur Landsvaka hf. skiptist í tvo hluta, A-hluta og B-hluta. A-hluti nær til rekstrarfélagsins, B-hluti nær til verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestingarsjóða Landsvaka hf.

Í lok ársins annaðist Landsvaki hf. rekstur 26 sjóða. Gengi flestra sjóðs er reiknað daglega og geta fjárfestar keypt hluti í sjóðunum og fá hlutdeildarskírteini til staðfestingar á eign sinni. Ávöxtun hvers sjóðs rennur óskipt til viðkomandi hlutdeildarskírteinishafa og því safnast enginn óúthlutaður hagnaður fyrir í sjóðunum.

1.2 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn inniheldur A og B hluta Landsvaka hf. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur um rekstrarfélög Verðbréfasjóða.

1.3 Áhrif efnahagssumhverfis á rekstrarhæfi félagsins og sjóða þess

Þeir erfiðleikar sem hafa verið á alþjóðlegum og innlendum fjármálamörkuðum hafa haft neikvæð áhrif á rekstur sjóða Landsvaka hf. eins og annarra fyrirtækja í landinu. Frá lokum september 2008 hefur efnahagslíf Íslands gengið í gegnum tímabil alvarlegra vandræða. Meðal áhrifa þess er snarpt verðfall íslenskra hluta- og skuldabréfa, alvarlegt gengisfall íslensku krónunnar, áhrif lögbundinnar greiðslustöðvunar á endurgreiðslu erlendra lána og hækkandi vextir á skuldabréfum ríkis og fyrirtækja. Stjórnendur geta ekki spáð fyrir um umfang, alvarleika eða tímalengd yfirstandandi efnahagsvandræða eða áhrif þeirra á framtíðarrekstur Landsvaka hf. eða sjóða í rekstri hans.

Þrátt fyrir tilraunir ríkisstjórnar Íslands til að tryggja nægilegt lausafé í erlendum gjaldeyri haustið 2008 versnaði ástandið til muna og allt fjármálakerfi landsins varð fyrir barðinu á verstu fjármálakreppu Íslandssögunar. Þrjú stærstu bankar landsins voru yfirteknir af Fjármálaeftirlitinu í október, þar á meðal móðurbanki Landsvaka hf. Landsbanki Íslands hf.. Sameiginleg markaðshlutdeild þessara þriggja banka á Íslandi nam um það bil 85% af markaðnum, fall þeirra lamaði því nánast alla bankastarfsemi landsins ásamt erlendri greiðslumiðlun. Ströng gjaldeyrishöft voru tekin upp, skuldabréfamarkaðurinn féll saman og hlutabréfamarkaðurinn nánast þurrkaðist út eftir að hafa fallið um meira en 90% á árinu. Íslenska krónan féll auk þess um meira en 50% á árinu 2008. Í kjölfar þessa hruns hófu stjórnvöld tilraunir til að endurreisa krónuna og bankastarfsemi landsins. Nýr banki var stofnaður í stað hvers hinna föllnu og innlendar eignir gömlu bankanna fluttir í þá og skilaneindir voru skipaðar til að hafa yfirumsjón með eignum gömlu banka. Þetta var gert á grundvelli neyðarlaga, lög 125/2008. Landsvaki hf, A hluti fluttist til eins af nýju bönkunum, NBI hf.

Vegna flökts á heimsmarkaði jafnt innanlands sem utan hafa eignastýringaraðilar þurft að mæta fráhrarfi frá almennum fjárfestingasjóðum. Margir hlutdeildarskírteinishafar eru að færa fjárfestingar sínar úr hlutabréfum og öðrum fjárfestingum yfir í áhættuminni eignir á borð við reiðufé eða skuldabréf. Slíkar kringumstæður gætu haft áhrif á möguleika Landsvaka hf. til að laða að nýja fjárfesta eða halda í þá sem fyrir eru. Stjórnendur geta ekki á áreiðanlegan hátt lagt mat á áhrif þessa á fjárhag Landsvaka hf. komi til frekari hrörnun á seljanleika á fjármálamörkuðum ásamt auknu flökti á gjaldeyris- og hlutabréfamörkuðum. Stjórnendur eru þeirrar skoðunar að verið sé að grípa til nauðsynlegra aðgerða til að styðja við sjálfbærni og vöxt Landsvaka hf. við þessar kringumstæður.

Þrátt fyrir þessa óvissu í efnahagssumhverfi félagsins telja stjórnendur félagið rekstrarhæft og er ársreikninginn lagður fram á grundvelli þess.

Skýringar

1.4 Matsaðferðir

Við gerð reikningskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat séu framkvæmd samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

1.5 Samstæðureikningur

Ársreikningur Landsvaka hf. A-hluta er hluti af samstæðureikningi NBI hf. Við fall Landsbanka Íslands hf í október 2008 fluttist eignarhald félagsins frá Landsbanka Íslands hf. yfir til NBI hf. og er A-hluti Landsvaki hf. hluti af samstæðu NBI hf. frá þeim tíma. Ársreikningur Landsvaka hf. B-hluta er ekki hluti af samstæðuársreikningi bankans vegna eðli starfseminnar.

1.6 Umsýslupóknarir

Verðbréfa-, fjárfestingar- og fagfjárfestasjóðir B-hluta Landsvaka hf. greiða A-hluta Landsvaka hf. umsýslupóknun fyrir að annast daglegan rekstur sjóðanna svo sem laun starfsmanna, markaðskostnað, endurskoðun, reikningshald sjóða, vörslupóknun og umsýslu. Umsýslupóknunin reiknast sem fast hlutfall af hreinni eign hvers sjóðs. Að auki fær félagið umsýslupóknarir vegna rekstur sjóða erlendis og er hlutdeild A-hluta Landsvaka í þeim sjóðum fast hlutfall af reiknaðri umsýslu sjóðanna. Á árinu 2008 var gefin eftir umsýsla í nokkrum sjóðum og er finna upplýsingar um það í skýringum með viðkomandi sjóðum.

1.7 Verðbréf

Hlutdeildarskírteini í sjóðunum eru almennt metin á markaðsverði viðkomandi sjóðs í árslok. Vegna óvissu með mat á verðmæti hluta sem A hluti Landsvaka á þá ákváðu stjórnendur að færa niður eign félagsins í hlutdeildarskírteini í 0 kr. í árslok.

1.8 Kröfur á sjóði

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnvirði og eru þær vegna ógreiddrar umsýslu sjóða B-hluta Landsvaka í árslok.

1.9 Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnistæðum að frádreginni skuld við lánastofnanir.

1.10 Skattamál

Opinber gjöld vegna rekstrarársins 2008 hafa verið reiknuð og færð í ársreikninginn og er félagið ekki samskattað með öðrum félögum.

Skýringar

2. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2008	2007
Laun	147.501	227.033
Launatengd gjöld	21.733	34.793
	<u>169.234</u>	<u>261.826</u>

Starfsmannafjöldi á árinu var sem hér segir:

Starfsmenn í lok ársins	8	13
Meðalfjöldi starfsmanna á árinu	13	12

Heildarlaun framkvæmdastjóra námu samtals 31,9 milljónum króna á árinu 2008.

Ekki voru greidd laun fyrir setu í stjórn Landsvaka hf. á árinu 2008.

Þann 16. desember 2008 var ráðinn nýr framkvæmdastjóri til félagsins. Fyrri framkvæmdastjóri hafði kauprétti á hlutabréfum í Landsbanka Íslands hf og við fall bankans í október 2008 voru þeir kaupréttir felldir niður. Áætlaðir kaupaukar vegna ársins 2008 sem gjaldfærðir voru í hálfársuppgjöri Landsvaka hf. hafa einnig verið felldir niður og bakfærðir í árslok. Í árslok 2008 eru engar skuldbindingar hjá félaginu vegna starfsmanna er létu af störfum á árinu 2008.

3. Eigið fé

Hlutafé

Heildarhlutafé félagsins nam í lok ársins kr. 100.000.000 skv. samþykktum félagsins. Allt hlutafé félagsins er útistandandi og fylgir eitt atkvæði hverjum krónuhlut að nafnverði.

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum:

	Hlutafé	Yfirverð	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2007.....	40.000	0	10.000	69.945	119.945
Greitt inn nýtt hlutafé.....	60.000				60.000
Greiddur út arður.....				(60.000)	(60.000)
Framlag í lögbundinn varasjóð.....			15.000	(15.000)	0
Hagnaður ársins.....				146.186	146.186
Eigið fé 31.12.2007.....	100.000	0	25.000	141.131	266.131
Hlutafé niðurfært	(100.000)		(25.000)	125.000	0
Lagt til nýtt hlutafé.....	100.000	50.000			150.000
Framlag í lögbundinn varasjóð.....					0
Tap ársins.....				(274.407)	(274.407)
Eigið fé 31.12.2008.....	100.000	50.000	0	(8.276)	141.724

4. Eiginfjárlutfall

Eiginfjárlutfall rekstrarfélagsins, sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki, er 21,47% en lágmarks eiginfjárlutfall samkvæmt lögunum er 8%.

Hlutfallið reiknast þannig:

Heildar eigið fé í árslok.....	141.724
Áhættugrunnur greinist á eftirfarandi hátt :	
Útlánaáhætta.....	659.984
Markaðsáhætta.....	0
Rekstraráhætta *.....	-
Samtals áhættugrunnur	<u>659.984</u>
Eiginfjárlutfall í samræmi við ákvæði laga um eiginfjárlutfall	21,47%

* Samkvæmt 2. mgr. 84. greinar laga nr. 161/2002 eru rekstrarfélög verðbréfasjóða undanþegin mati á rekstraráhættu við útreikning á eiginfjárgrunni.

Skýringar

5. Skattar

Tekjuskattur ársins greinist þannig:	2008	2007
Reiknaðir skattar ársins.....	32.752	32.090

6. Aðrar upplýsingar

Eignir í eignastýringu

Heildarfjárhæð eigna viðskiptamanna í eignastýringu B-hluta Landsvaka hf. var í árslok 75,5 milljarðar króna samanborið við 251,4 milljarða í árslok 2007.

Ábyrgðarkrafa vegna samsköttunar

Rekstrarhæfi félagsins var í óvissu við fall Landsbanka Íslands hf. í október 2008. Ástæður óvissu liggja í að Landsvaki hf. var samskattaður með Landsbanka Íslands hf. við álagningu þinggjalda á árinu 2008. Í samræmi við lög um tekjuskatt 90/2003 bera samsköttuð félög sameiginlega ábyrgð á álögðum tekjuskatti. Í þessu felst að ábyrgð Landsvaka hf. vegna álagningar gat verið allt að 4,6 milljarðar króna. Félagið hefur verið í viðræðum við skattayfirvöld um að félagið inni af hendi greiðslu sem nemur áætluðu eigin fé félagsins í árslok að fjárhæð 460 milljónum króna sem fullnaðargreiðslu fyrir sinn part í ábyrgð vegna samsköttunar.

Framangreind staða og ráðstöfun leiddi til að í lok reikningsársins þurfti móðurfélag Landsvaka hf. NBI hf., að leggja félaginu til nýtt eigið fé til að tryggja rekstrarhæfi félagsins. Formlegt samþykki bankaráðs NBI hf. átti sér stað þann 30. apríl sl. um að leggja félaginu til eigin fé að fjárhæð 150 milljónir króna.

Tekið hefur verið tillit til þessara aðgerða í reikningsskilum félagsins fyrir árið 2008.

Þann 7. maí 2009 félst Tollstjóri á málaleitan Landsvaka hf. um að greiða 460 milljónir króna vegna samábyrgðarinnar og hefur Landsvaki hf. þegar greitt viðkomandi skuld. Tollstjóri hefur gefið út yfirlýsingu þess efnis að ekki verði gengið frekar á Landsvaka hf vegna álagningar þinggjalda frá 1. nóvember 2008 á Landsbanka Íslands hf.

Stjórnendur Landsvaka hf. telja félagið að fullu rekstrarhæft þar sem ábyrgðarskuldbinding vegna samsköttunar hefur verið leyst og uppgerð við yfirvöld.

Verðbréfasjóðir Landsvaka hf.

Ársreikningur 2008

Rekstrarreikningur ársins 2008

	Markaðsbréf Stutt	Markaðsbréf Meðallöng	Markaðsbréf Löng	Skuldabr. Sjóður	Sparibréf	Vísitölubréf	Landbanki Global Eq. Fund	Landbanki Nordic 40	2008 Samtals	2007 Samtals
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld										
Vextir, verðbætur og gengismunur.....	1.242.558	747.622	1.498.884	301.941	978.048	(1.262.111)	898.572	(930.079)	3.475.435	898.246
Arður.....	0	0	0	0	0	42.669	20.101	63.721	126.490	124.074
Vaxtagjöld.....	0	0	0	(41)	(7.117)	(59.105)	0	0	(66.263)	(2.313)
<i>Hreinar fjármunatekjur</i>	1.242.558	747.622	1.498.884	301.901	970.931	(1.278.548)	918.673	(866.358)	3.535.662	1.020.006
Rekstrargjöld										
Umsýsluþóknun.....	46.823	24.420	42.509	14.126	58.699	12.721	76.988	15.577	291.863	299.116
Þóknanir og bankakostnaður.....	26.623	9.523	20.451	8.737	77.613	5.467	6.440	2.456	157.309	115.395
<i>Rekstrargjöld alls</i>	73.446	33.942	62.960	22.863	136.312	18.188	83.427	18.034	449.172	414.511
Sértæk niðurfærsla fjárfestinga	882.145	709.420	1.085.308	0	0	6.083	0	0	2.682.956	0
Hagnaður (tap) ársins færður á hlutdeildarskírteini	286.967	4.259	350.616	279.038	834.619	(1.302.819)	835.246	(884.392)	403.534	605.496

Efnahagsreikningur 31. desember 2008

Skýr.	Markaðsbréf Stutt	Markaðsbréf Meðallöng	Markaðsbréf Löng	Skuldabr. Sjóður	Sparibréf	Vísitölubréf	Landbanki Glob Eq. Fund	Landbanki Nordic 40	31.12.2008 Samtals	31.12.2007 Samtals
Eignir										
Fjárfestingar										
5,6										
Verðbréf með föstum tekjum.....	5.990.130	6.465.312	4.530.320	1.291.023	8.492.384	0	0	0	26.769.169	14.023.293
Verðbréf með breytilegum tekjum.....	0	0	0	0	0	36.349	3.723.597	763.444	4.523.391	9.004.570
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum.....	331.865	602.394	467.848	50.344	749.172	0	0	0	2.201.623	1.398.342
Afleiðusamningar.....	0	0	0	0	0	0	0	0	0	7.246
<i>Fjárfestingar alls</i>	<u>6.321.995</u>	<u>7.067.705</u>	<u>4.998.169</u>	<u>1.341.367</u>	<u>9.241.556</u>	<u>36.349</u>	<u>3.723.597</u>	<u>763.444</u>	<u>33.494.182</u>	<u>24.433.452</u>
Aðrar eignir										
Handbært fé.....	2	2	10	60	20	15.020	918.698	5.952	939.763	44.924
Aðrar eignir.....	543.346	14.659	19.073	973	7.593	508	0	50	586.201	176.344
<i>Aðrar eignir alls</i>	<u>543.348</u>	<u>14.661</u>	<u>19.082</u>	<u>1.033</u>	<u>7.613</u>	<u>15.528</u>	<u>918.698</u>	<u>6.001</u>	<u>1.525.964</u>	<u>221.268</u>
<i>Eignir alls</i>	<u>6.865.343</u>	<u>7.082.366</u>	<u>5.017.251</u>	<u>1.342.400</u>	<u>9.249.169</u>	<u>51.878</u>	<u>4.642.295</u>	<u>769.445</u>	<u>35.020.146</u>	<u>24.654.721</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2008

Skýr.	Markaðsbréf Stutt	Markaðsbréf Meðallöng	Markaðsbréf Löng	Skuldabr. Sjóður	Sparibréf	Vísitölubréf	Landbanki Glob Eq. Fund	Landbanki Nordic 40	31.12.2008 Samtals	31.12.2007 Samtals	
Skuldir											
Hlutdeildarskírteini.....	3	6.849.031	7.054.511	4.989.969	1.338.614	9.187.155	41.248	4.375.311	756.808	34.592.647	24.356.317
Aðrar skuldir											
Afleiðusamningar.....		0	0	0	0	0	0	0	0	0	7.275
Aðrar skuldir.....	4	16.312	27.855	27.282	3.786	62.013	10.630	266.984	12.638	427.500	291.128
<i>Aðrar skuldir alls</i>		16.312	27.855	27.282	3.786	62.013	10.630	266.984	12.638	427.500	298.403
Skuldir alls		6.865.343	7.082.366	5.017.251	1.342.400	9.249.169	51.878	4.642.295	769.445	35.020.146	24.654.721

Yfirlit um breytingar á hreinni eign ársins 2008

	Markaðsbréf Stutt	Markaðsbréf Meðallöng	Markaðsbréf Löng	Skuldabr. Sjóður	Sparibréf	Vísitölubríf	Landbanki Global Eq. Fund	Landbanki Nordic 40	2008 Samtals	2007 Samtals
Rekstrarhreyfingar										
Hagnaður (tap) ársins færður á hlutdeildarskírteini.....	286.967	4.259	350.616	279.038	834.619	(1.302.819)	835.246	(884.392)	403.534	605.496
Fjármögnunarahreyfingar										
Seld hlutdeildarskírteini.....	4.731.172	9.249.848	4.384.984	576.231	12.897.656	140.923	579.336	184.185	32.744.335	28.585.419
Innleyst hlutdeildarskírteini.....	(2.927.434)	(2.454.086)	(3.846.484)	(629.641)	(9.678.783)	(1.615.561)	(2.178.616)	(456.934)	(23.787.539)	(37.567.052)
Gjaldeyrisingisáhrif.....	0	0	0	0	0	0	0	876.000	876.000	0
	1.803.738	6.795.762	538.500	(53.409)	3.218.873	(1.474.638)	(1.599.279)	603.250	9.832.796	(8.981.634)
Hækkun (lækkun) á hreinni eign	2.090.705	6.800.021	889.115	225.628	4.053.493	(2.777.457)	(764.034)	(281.142)	10.236.330	(8.376.138)
Hrein eign í ársbyrjun	4.758.325	254.490	4.100.853	1.112.986	5.133.663	2.818.705	5.139.345	1.037.950	24.356.317	32.732.455
Hrein eign í lok ársins	6.849.031	7.054.511	4.989.969	1.338.614	9.187.155	41.248	4.375.311	756.808	34.592.647	24.356.317

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

1.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum króna. Landsvaki hf. er dótturfélag NBI hf. og er A hluti Landsvaka hf. hluti af samstæðu NBI hf. frá 08.10.2008 en sjóðir Landsvaka hf. eru ekki hluti af samstæðu NBI hf. sökum eðli starfssemi sjóðanna. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum, sem í meginatriðum eru þær sömu og tímabilin á undan.

Í lok ársins annaðist Landsvaki hf. rekstur 8 Verðbréfasjóða. Gengi flestra sjóða er reiknað daglega og geta fjárfestar keypt hluti í sjóðunum og fá hlutdeildarskírteini til staðfestingar á eign sinni. Ávöxtun hvers sjóðs rennur óskipt til viðkomandi hlutdeildarskírteinishafa og því safnast enginn óúthlutaður hagnaður fyrir í verðbréfasjóðunum.

1.2 Áhrif efnahagsumhverfis á umhverfi verðbréfasjóða

Þeir erfiðleikar sem hafa verið á alþjóðlegum og innlendum fjármálamörkuðum hafa haft neikvæð áhrif á rekstur sjóða Landsvaka hf. eins og annarra fyrirtækja í landinu. Frá lokum september 2008 hefur efnahagslíf Íslands gengið í gegnum tímabil alvarlegra vandræða. Meðal áhrifa þess er snarpt verðfall íslenskra hluta- og skuldabréfa, alvarlegt gengisfall íslensku krónunnar, áhrif lögbindinnar greiðslustöðvunar á endurgreiðslu erlendra lána og hækkandi vextir á skuldabréfum ríkis og fyrirtækja. Stjórnendur geta ekki spáð fyrir um umfang, alvarleika eða tímalengd yfirstandandi efnahagsvandræða eða áhrif þeirra á framtíðarrekstur Landsvaka eða sjóða í rekstri hans.

Þrátt fyrir tilraunir ríkisstjórnar Íslands til að tryggja nægilegt lausafé í erlendum gjaldeyri haustið 2008 versnaði ástandið til muna og allt fjármálakerfi landsins varð fyrir barðinu á verstu fjármálakreppu Íslandssögunar. Þrjú stærstu bankar landsins voru yfirteknir af Fjármálaeftirlitinu í október, þar á meðal móðurbanki Landsvaka Landsbanki Íslands hf.. Sameiginleg markaðshlutdeild þessara þriggja banka á Íslandi nam um það bil 85% af markaðnum, fall þeirra lamaði því nánast alla bankastarfsemi landsins ásamt erlendri greiðslumiðlun. Ströng gjaldeyrishöft voru tekin upp, skuldabréfamarkaðurinn féll saman og hlutabréfamarkaðurinn nánast þurrkaðist út eftir að hafa fallið um meira en 90% á árinu. Íslenska krónan féll auk þess um meira en 50% á árinu 2008. Í kjölfar þessa hruns hófu stjórnvöld tilraunir til að endurreisa krónuna og bankastarfsemi landsins. Nýr banki var stofnaður í stað hvers hinna föllnu og innlendar eignir gömlu bankanna fluttir í þá og skilaneindir voru skipaðar til að hafa yfirumsjón með eignum gömlu banka. Þetta var gert á grundvelli neyðarlaga, lög 125/2008.

1.3 Matsaðferðir

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo að mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda getur raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst annað.

1.4 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til miðað við virka vexti.

Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun aðalfundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir.

Fjármagnstekjuskattur vegna arðs af erlendum hlutabréfum er dreginn frá arðstekjunum í rekstrarreikningi.

Gengismunur vegna verðbréfa er færður til tekna miðað við síðasta skráða kaupgengi ársins 2008.

Í sjóðum skráðum í íslenskum krónum eru viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum umreiknuð yfir í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Í sjóðum skráðum í erlendri mynt er gengið fært yfir í íslenskar krónur í lok ársins. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Skýringar

1.5 Umsýslubóknun

Verðbréfasjóðir B-hluta Landsvaka hf. greiða A-hluta Landsvaka hf. umsýslubóknun fyrir að annast daglegan rekstur sjóðanna svo sem laun starfsmanna, markaðskostnað, endurskoðun, reikningshald sjóða, vörslubóknun og umsýslu. Umsýslubóknunin reiknast daglega sem fast hlutfall af hreinni eign viðkomandi sjóðs í þeirri mynt sem hann er. Umsýslubóknun er sem hér segir:

Markaðsbréf Stutt.....	0,80%
Markaðsbréf Meðallöng	0,80%
Markaðsbréf Löng	0,80%
Skuldabréfasjóður.....	1,00%
Sparibréf.....	0,80%
Vísitölubréf.....	1,10%
Landsbankinn Global Equity Fund	1,50%
Landsbanki Nordic 40.....	1,10%

1.6 Verð- eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu samkvæmt myntskráningu NBI hf. Sjóðir sem eru með rekstur í erlendri mynt og starfsrækslugjaldmiðil annan en isk eru birtir í íslenskum krónum í reikningsskilum Landsvaka hf. með því að nota það gengi sem síðast var skráð á árinu samkvæmt myntskráningu NBI hf. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í byrjun janúar 2009. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning.

1.7 Fjárfestingar

Vegna áhrifa fjármálakreppunar í heiminum eru vísbendingar um að markaðir hafa orðið óvirkir og ógegnisæri hefur oft á tíðum skapast með fjárfestingar utan reglubundinna markaða. Afleiðing af flókti fjármálamarkaða er minnkun og fækkun reglubundinna viðskipta milli ótengdra aðila fyrir suma fjármálagerninga og er að mati stjórnar í sumum tilvikum ekki lengur um virka markaði til verðmyndunar að ræða. Þar af leiðir að hluti verðmats í árslok 2008 fer fram með öðrum matsaðferðum. Markmið þeirra er að meta hvert virði í viðskiptum hefði verið við lok tímabilsins í viðskiptum milli ótengdra aðila byggðum á eðlilegum viðskiptahvötum. Verðmat felur því í sér að tekið sé tillit til núverandi markaðsaðstæðna, þar á meðal lausafjárstöðu á markaði og núverandi dreifingu ávöxtunarkröfu. Við matið er að takmörkuðu leiti tekið tillit til atburða sem áttu sér stað eftir árslok 2008. Frá áramótum hafa fjármálamarkaðir haldið áfram að lækka og staða margra fyrirtækja versnað sem hefur haft neikvæð áhrif á eignastöðu sjóðanna.

Verðbréf með föstum tekjum sem skráð eru á skipulegum og virkum verðbréfamarkaði eru metin á opinberu gengi í lok desember 2008. Virði annarra verðbréfa með föstum tekjum er háð mati rekstrarfélags að teknu tilliti til markaðsaðstæðna hverju sinni samanber hér að ofan. Við mat á þessum eignum er reiknuð niðurfærsla sem tekur mið af almennri áhættu sem tengist starfsemi. Sértek niðurfærsla er færð telji rekstrarfélag þörf á því.

Verðbréf með breytilegum tekjum eru hlutabréf, hlutdeildarskírteini og aðrir fjármálagerningar með breytilegum tekjum. Hlutabréf sem skráð eru á skipulegum og virkum verðbréfamarkaði eru metin á markaðsverði í lok desember 2008, þó að teknu tilliti til þess ef markaður er ekki talinn virkur þá er beitt öðrum aðferðum við mat þeirra eigna, samkvæmt hér að ofan. Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum eru metin samkvæmt því kaupgengi sem gildi á markaðnum 31. desember 2008.

Innlán hjá lánastofnunum eru uppfærð með áföllnum vöxtum og/eða gengismun miðað við lok desember 2008.

Afleiðusamningar eru almennt færðir á gangvirði í efnahagsreikningi miðað lok desember 2008. Samningar með jákvæða stöðu eru færðir til eignar en samningar með neikvæða stöðu eru færðir til skuldar. Breyting á gangvirði afleiðusamninga eru færð jafnóðum í rekstrarreikning sjóðanna. Öllum afleiðusamningum verðbréfasjóða var lokað fyrir árslok, í einhverjum tilfella var skuldajafnað við Landsbanka Íslands hf. og byggði sú skuldajöfnun m.a. á lögfræðilegri álitserð um heimild til skuldajafnaðar. Verði niðurstaðan frábrugðin fyrri aðgerð og mati rekstrarfélagsins er mat þessarar fjáreigna annað.

Skýringar

1.8 Aðrar eignir

Aðrar eignir eru óframkomin viðskipti, viðskiptakröfur og frávik frá birtu gengi. Aðrar eignir eru metnar á nafnvirði í árslok.

1.9 Aðrar skuldir

Aðrar skuldir eru óframkomin viðskipti, viðskiptaskuldir og frávik frá birtu gengi. Aðrar skuldir eru metnar á nafnvirði í árslok.

1.10 Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði og samskiptareikningi verðbréfavíðskipta að frádreginni skuld við lánastofnanir.

1.11 Skattamál

Verðbréfasjóðir B-hluta Landsvaka hf. eru ekki sjálfstæðir skattaðilar. Ávöxtun hvers sjóðs rennur óskipt til viðkomandi hlutdeildarskírteinishafa og því safnast enginn óúthlutaður hagnaður fyrir í sjóðunum. Einstaklingar greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði bréfanna við innlausn. Hjá lögðilum telst hagnaður eða tap af hlutdeildarskírteinum til skattskyldra tekna eða frádráttarbærra gjalda óháð innlausn.

Sjóðirnir eru undanþegnir fjármagnstekjuskatti skv. lögum 94/1996. Þeir eru þó ekki undanþegnir fjármagnstekjuskatti í þeim löndum þar sem fjármagnstekjuskattur er lagður á tekjur erlendra aðila og ekki eru í gildi tvísköttunarsamningar milli Íslands og viðkomandi ríkis um að slíkar tekjur skuli skattleggjast hérlendis.

2. Fjárhagsleg áhættustjórnun

2.1 Fjárhagslegir áhættuþættir

Starfsemi félagsins hefur í för með sér margvíslega áhættu s.s. áhrif breytinga á gengi fjármálagerninga, erlendra gjaldmiðla, greiðsluhæfi skuldara og vaxtabreytinga. Áhættustjórnun félagsins beinist að aðgerðum til þess að stýra þessum áhættuþáttum. Sjóðsstjórar sjóðanna leitast við að stýra áhættuþáttum meðal annars með virkri stýringu fjármálagerninga þar sem það á við.

Skýringar

3. Hlutdeildarskírteini

Sjóðir með ISK sem uppgjörsmýnt eru sýndir með raunávöxtun á ársgrundvelli en sjóðir með uppgjörsmýnt aðra en ISK eru sýndir með nafnávöxtun á ársgrundvelli í viðkomandi mynt. Ávöxtun einstakra sjóða og heildarnafnverð hlutdeildarskírteina í viðkomandi mynt í lok ársins var sem hér segir:

	Uppgjörs mynt	Síðustu 3 mánuði	Síðustu 6 mánuði	Síðustu 12 mánuði	Heildar- nafnverð
Markaðsbréf Stutt.....	ISK	-38,69%	-15,30%	-4,95%	2.700.722
Markaðsbréf Meðallöng.....	ISK	-35,97%	-10,31%	3,94%	2.632.280
Markaðsbréf Löng.....	ISK	-47,19%	-16,51%	-1,65%	2.099.272
Skuldabréfasjóður.....	ISK	-24,00%	-0,13%	5,16%	243.917
Sparibréf.....	ISK	-17,19%	2,56%	2,91%	4.160.849
Vísitölubréf.....	ISK	-99,99%	-99,51%	-95,41%	458.767 *
Landsb. Global Equity Fund.....	ISK	-36,15%	-10,38%	-0,42%	3.841
Landsbanki Nordic 40	EUR	-68,48%	-59,97%	-50,56%	88

Síðastliðin þrjú ár var bókfært verð og gengi hlutdeildarskírteina einstakra sjóða sem hér segir:

	31.12.2006		31.12.2007		31.12.2008	
	Bókf. verðm. hlutd.sk. í þús. kr.	Kaupgengi hlutd.sk.	Bókf. verðm. hlutd.sk. í þús. kr.	Kaupgengi hlutd.sk.	Bókf. verðm. hlutd.sk. í þús. kr.	Kaupgengi hlutd.sk.
	Markaðsbréf Stutt.....	953.553	2,059	4.758.325	2,293	6.849.031
Markaðsbréf Meðallöng.....	273.454	1,826	254.490	2,216	7.054.511	2,680
Markaðsbréf Löng.....	5.268.897	2,026	4.100.853	2,077	4.989.969	2,377
Skuldabréfasjóður.....	2.025.687	4,312	1.112.986	4,485	1.338.614	5,488
Sparibréf.....	9.333.166	1,741	5.133.663	1,844	9.187.155	2,208
Vísitölubréf.....	3.132.890	1,692	2.818.705	1,6839	41.248	0,0899 *
Landsb. Global Eq. Fund.....	6.632.693	1.057,19	5.139.345	983,14	4.375.311	1.139,19
Landsbanki Nordic 40.....	-	-	1.037.950	102,95 **	756.808	50,90 **
Samtals	27.620.340		26.733.905		34.592.647	

Markaðsbréf stutt, Markaðsbréf Meðallöng, Markaðsbréf löng og Skuldabréfasjóður eru skráð í Kauphöll Íslands.

* Vísitölubréf hafa verið lokað frá 3. október 2008 og eru nú í slitameðferð.

** Skv. birtu gengi í erlendri mynt.

Skýringar

4. Aðrar skuldir

Samkvæmt 40. gr. laga nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði má hlutfall skammtímaskulda af eignum verðbréfasjóðs ekki fara upp fyrir 10% af eignum sjóðsins.

Hér á eftir er gerð grein fyrir hlutföllum skammtímaskulda af heildareignum í einstökum sjóðum félagsins í lok desember 2008.

Markaðsbréf Stutt	0,24%
Markaðsbréf Meðallöng	0,39%
Markaðsbréf Löng	0,54%
Skuldabréfasjóður	0,28%
Sparibréf	0,67%
Vísitölubréf	20,49% *
Landsbankinn Global Equity Fund	5,75%
Landsbanki Nordic 40	1,64%

* Vegna lokunar sjóðsins er þetta aðallega vegna óuppgerðra viðskipta frá þeim tíma.

Skýringar

5. Fjárfestingar - Verðbréfasjóðir

Meðfylgjandi er sundurliðun verðbréfaeignar einstakra sjóða og hlutfallsleg skipting verðbréfaeignar í lok desember 2008:

Verðbréfaeign:	Ríki, sveitarfélög, eða alþjóðlegar stofnanir				31.12.2008 Samtals
	útg. eða í ábyrgð	Hlutdeildar- skírteini	Hlutabréf	Annað	
Markaðsbréf Stutt					
Verðbréf, önnur en peningamarkaðsskjöl, skráð á skipulegum verðbréfamarkaði.....	4.961.582	0	0	1.000.087	5.961.669
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum.....	0	0	0	331.865	331.865
Aðrir fjármálagerningar.....	23.020	0	0	5.441	28.461
	<u>4.984.602</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>1.337.393</u>	<u>6.321.995</u>
Markaðsbréf Meðallöng					
Verðbréf, önnur en peningamarkaðsskjöl, skráð á skipulegum verðbréfamarkaði.....	5.570.784	0	0	862.677	6.433.461
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum.....	0	0	0	602.394	602.394
Aðrir fjármálagerningar.....	31.851	0	0	0	31.851
	<u>5.602.635</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>1.465.071</u>	<u>7.067.706</u>
Markaðsbréf Löng					
Verðbréf, önnur en peningamarkaðsskjöl, skráð á skipulegum verðbréfamarkaði.....	4.471.129	0	0	59.192	4.530.321
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum.....	0	0	0	467.848	467.848
	<u>4.471.129</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>527.040</u>	<u>4.998.169</u>
Skuldabréfasjóður					
Verðbréf, önnur en peningamarkaðsskjöl, skráð á skipulegum verðbréfamarkaði.....	1.291.023	0	0	0	1.291.023
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum.....	0	0	0	50.344	50.344
	<u>1.291.023</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>50.344</u>	<u>1.341.367</u>
Sparibréf					
Verðbréf, önnur en peningamarkaðsskjöl, skráð á skipulegum verðbréfamarkaði.....	8.492.384	0	0	0	8.492.384
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum.....	0	0	0	749.172	749.172
	<u>8.492.384</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>749.172</u>	<u>9.241.556</u>
Vísitölubréf					
Verðbréf, önnur en peningamarkaðsskjöl, skráð á skipulegum verðbréfamarkaði.....	0	0	36.349	0	36.349
	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>36.349</u>	<u>0</u>	<u>36.349</u>
Landsbankinn Global Equity Fund					
Verðbréf, önnur en peningamarkaðsskjöl, skráð á skipulegum verðbréfamarkaði.....	0	0	7.343	0	7.343
Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða.....	0	3.716.254	0	0	3.716.254
	<u>0</u>	<u>3.716.254</u>	<u>7.343</u>	<u>0</u>	<u>3.723.597</u>
Landsbanki Nordic 40					
Verðbréf, önnur en peningamarkaðsskjöl, skráð á skipulegum verðbréfamarkaði.....	0	0	763.444	0	763.444
	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>763.444</u>	<u>0</u>	<u>763.444</u>

Skýringar

Hlutfallsleg skipting verðbréfaeignar :

	Ríki, sveitarfélög, eða alþjóðlegar stofnanir útg. eða í ábyrgð	Hlutdeildar- skírteini	Hlutabréf	Annað	31.12.2008 Samtals
	%	%	%	%	%
Markaðsbréf Stutt					
Verðbréf, önnur en peningamarkaðsskjöl, skráð á skipulegum verðbréfamarkaði.....	78,5%	0,0%	0,0%	15,8%	94,3%
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum.....	0,0%	0,0%	0,0%	5,2%	5,2%
Aðrir fjármálagerningar.....	0,4%	0,0%	0,0%	0,1%	0,5%
	78,8%	0,0%	0,0%	21,2%	100,0%
Markaðsbréf Meðallöng					
Verðbréf, önnur en peningamarkaðsskjöl, skráð á skipulegum verðbréfamarkaði.....	78,8%	0,0%	0,0%	12,2%	91,0%
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum.....	0,0%	0,0%	0,0%	8,5%	8,5%
Aðrir fjármálagerningar.....	0,5%	0,0%	0,0%	0,0%	0,5%
	79,3%	0,0%	0,0%	20,7%	100,0%
Markaðsbréf Löng					
Verðbréf, önnur en peningamarkaðsskjöl, skráð á skipulegum verðbréfamarkaði.....	89,5%	0,0%	0,0%	1,2%	90,6%
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum.....	0,0%	0,0%	0,0%	9,4%	9,4%
	89,5%	0,0%	0,0%	10,5%	100,0%
Skuldabréfasjóður					
Verðbréf, önnur en peningamarkaðsskjöl, skráð á skipulegum verðbréfamarkaði.....	96,2%	0,0%	0,0%	0,0%	96,2%
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum.....	0,0%	0,0%	0,0%	3,8%	3,8%
	96,2%	0,0%	0,0%	3,8%	100,0%
Sparibréf					
Verðbréf, önnur en peningamarkaðsskjöl, skráð á skipulegum verðbréfamarkaði.....	91,9%	0,0%	0,0%	0,0%	91,9%
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum.....	0,0%	0,0%	0,0%	8,1%	8,1%
	91,9%	0,0%	0,0%	8,1%	100,0%
Vísitölubréf					
Verðbréf, önnur en peningamarkaðsskjöl, skráð á skipulegum verðbréfamarkaði.....	0,0%	0,0%	100,0%	0,0%	100,0%
	0,0%	0,0%	100,0%	0,0%	100,0%
Landsbankinn Global Equity Fund					
Verðbréf, önnur en peningamarkaðsskjöl, skráð á skipulegum verðbréfamarkaði.....	0,0%	0,0%	0,2%	0,0%	0,2%
Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða.....	0,0%	99,8%	0,0%	0,0%	99,8%
	0,0%	99,8%	0,2%	0,0%	100,0%
Landsbanki Nordic 40					
Verðbréf, önnur en peningamarkaðsskjöl, skráð á skipulegum verðbréfamarkaði.....	0,0%	0,0%	100,0%	0,0%	100,0%
	0,0%	0,0%	100,0%	0,0%	100,0%

Skýringar

6. Aðrar upplýsingar

Vegna Markaðsbréfa Stuttra, Markaðsbréfa Meðallangra og Markaðsbréfa Langra

Hluti eigna sjóðanna eru kröfur á íslensk fyrirtæki og fjármálastofnanir í samræmi við fjárfestingastefnu. Vegna aðstæðna á fjármálamörkuðum hefur skapast óvissa um verðmæti slíkra bréfa og hefur stjórn Landsvaka hf. því lagt mat á verðmæti bréfanna í ljósi aðstæðna í hverju tilviki fyrir sig og fært verðmæti þeirra niður í samræmi við slíkt mat á hverjum tíma. Sérstök niðurfærsla verðbréfa í eigu sjóðanna um áramót var sem hér segir: Markaðsbréf stutt 882,1 milljónir, Markaðsbréf Meðallöng 709,4 milljónir og Markaðsbréf Löng 1.085,3 milljónir. Frá áramótum hefur staða nokkura fyrirtækja breyst til hins verra og hefur verðmæti verðbréfa í eigu sjóðanna verið fært frekar niður.

Vísitölubréf

Ákvörðun um slit. Vegna aðstæðna á fjármálamörkuðum ákvað stjórn Landsvaka hf. að slíta Vísitölubréfum og er það gert í samræmi við tilmæli Fjármálaeftirlitsins frá 23. október 2008. Útgreiðslu og formlegum slitum er ekki að fullu lokið.

Fjárfestingarsjóðir Landsvaka hf.

Ársreikningur 2008

Rekstrarreikningur ársins 2008

	Safnbref Varfærin	Safnbref Blönduð	Safnbref Framsækin	Fyrirtækja- bref	Úrvalsbréf	Landsbanki Diversified Yield Fund	Peningabref * ISK	Peningabref * EUR	Peningabref * GBP	Peningabref * USD	Peningabref CAD	Peningabref * DKK	2008 Samtals	2007 Samtals
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld														
Vextir, verðbætur og gengismunur.....	(274.676)	(146.724)	(93.886)	5.541.962	(5.220.986)	(113.082)	(11.109.144)	(3.666.162)	(181.069)	(1.822.822)	10.873	(39.348)	(17.115.065)	21.169.484
Arður.....	14	19	107	0	147.055	0	0	0	0	0	0	0	147.195	219.555
Vaxtagjöld.....	(944)	(630)	(30)	(124)	(165.322)	(131)	(83)	(2.617)	(35)	(698)	(387)	(140)	(171.140)	(3.175)
<i>Hreinar fjármunatekjur (gjöld)</i>	(275.607)	(147.334)	(93.809)	5.541.838	(5.239.252)	(113.213)	(11.109.227)	(3.668.779)	(181.104)	(1.823.520)	10.486	(39.488)	(17.139.010)	21.385.864
Rekstrargjöld														
Umsýsluþóknun.....	6.662	2.853	1.067	143.107	70.521	15.951	911.330	10.116	2.936	0	688	2.205	1.167.437	1.430.312
Þóknanir og bankakostnaður.....	7	3	2	15.912	43.003	0	4.299	1.742	2.063	5	11	2	64.988	153.721
<i>Rekstrargjöld alls</i>	6.669	2.856	1.068	159.019	113.524	15.951	915.630	11.858	2.938	5	699	2.207	1.232.425	1.584.033
Sértæk niðurfærsla fjárfestinga	0	0	0	17.331.279	136.444	0	0	0	0	0	13.424	0	17.344.840	0
Tap ársins fært á hlutdeildarskírteini	(282.276)	(150.190)	(94.877)	(11.948.461)	(5.352.913)	(129.164)	(12.024.857)	(3.680.637)	(184.043)	(1.823.525)	(3.638)	(41.695)	(35.716.275)	19.801.831

* Rekstri peningamarkaðssjóða var hætt 03.10.2008.

Efnahagsreikningur 31. desember 2008

Skýr.	Safnbref Varfærin	Safnbref Blönduð	Safnbref Framsækin	Fyrtækja- bref	Úrvalsbref	Landsbanki Diversified Yield Fund	Peningabref * ISK	Peningabref * EUR	Peningabref * GBP	Peningabref * USD	Peningabref CAD	Peningabref * DKK	31.12.2008 Samtals	31.12.2007 Samtals
Eignir														
Fjárfestingar 5,6														
Verðbref með föstum tekjum.....	59.199	530	0	7.567.961	0	0	0	0	0	0	0	0	7.627.690	173.447.834
Verðbref með breytilegum tekjum.....	444.370	229.808	93.915	0	533.981	0	0	0	0	0	0	0	1.302.073	9.780.736
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum.....	0	0	0	312.142	0	29.440	0	0	0	0	0	0	341.583	22.368.617
Afleiður.....	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	4.093
Fjárfestingar alls	503.569	230.338	93.915	7.880.103	533.981	29.440	0	0	0	0	0	0	9.271.345	205.601.279
Aðrar eignir														
Handbært fé.....	173.456	130.148	32.033	168.794	163.272	31.167	0	0	0	0	94.493	0	793.363	2.563.278
Aðrar eignir.....	60	59	0	1.212	1.685	11.081	0	0	0	0	167	0	14.264	764.873
Aðrar eignir alls	173.515	130.207	32.033	170.005	164.957	42.249	0	0	0	0	94.660	0	807.627	3.328.151
Eignir alls	677.084	360.545	125.948	8.050.109	698.938	71.689	0	0	0	0	94.660	0	10.078.972	208.929.430
Skuldir														
Hlutdeildarskírteini 3														
Afleiður.....	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	3.416.890
Aðrar skuldir.....	1.553	618	203	1.362.991	22.190	42.817	0	0	0	0	0	0	1.430.372	156.302
Aðrar skuldir alls	1.553	618	203	1.362.991	22.190	42.817	0	0	0	0	0	0	1.430.372	3.573.192
Skuldir alls	677.084	360.545	125.948	8.050.109	698.938	71.689	0	0	0	0	94.660	0	10.078.972	208.929.430

* Rekstri peningamarkaðssjóða var hætt 03.10.2008.

Yfirlit um breytingar á hreinni eign ársins 2008

	Safnbréf Varfærin	Safnbréf Blönduð	Safnbréf Framsækin	Fyrirtækja- bréf	Úrvallsbréf	Landsbanki Diversified Yield Fund	Peningabréf * ISK	Peningabréf * EUR	Peningabréf * GBP	Peningabréf * USD	Peningabréf CAD	Peningabréf * DKK	2008 Samtals	2007 Samtals
Rekstrarhreyfingar														
Tap ársins														
fært á hlutdeildaskírteini.....	(282.276)	(150.190)	(94.877)	(11.948.461)	(5.352.913)	(129.164)	(12.024.857)	(3.680.637)	(184.043)	(1.823.525)	(3.638)	(41.695)	(35.716.275)	19.801.831
Fjármögnunarhreyfingar														
Seld hlutdeildaskírteini.....	140.252	67.412	38.774	7.595.145	5.073.473	70.005	666.072.614	71.400.016	5.233.332	35.317.137	10.193	3.371.653	794.390.006	866.899.744
Innleyst hlutdeildaskírteini.....	(670.146)	(297.745)	(79.146)	(2.071.763)	(6.842.265)	(3.904.634)	(803.222.001)	(100.165.325)	(7.071.471)	(47.419.733)	(653.962)	(3.998.651)	(976.396.842)	(797.831.802)
Gjaldeyrisgengisáhrif.....	0	0	0	0	0	18.186	0	13.065.922	730.756	6.667.129	263.684	269.797	21.015.472	(475.090)
<i>Fjármögnunarhreyfingar alls</i>	(529.894)	(230.334)	(40.372)	5.523.382	(1.768.793)	(3.816.443)	(137.149.387)	(15.699.388)	(1.107.383)	(5.435.467)	(380.085)	(357.201)	(160.991.363)	68.592.851
Lækkun á hreinni eign	(812.170)	(380.524)	(135.249)	(6.425.079)	(7.121.706)	(3.945.606)	(149.174.244)	(19.380.024)	(1.291.425)	(7.258.992)	(383.723)	(398.896)	(196.707.638)	88.394.682
Hrein eign í ársbyrjun	1.487.701	740.451	260.993	13.112.197	7.798.454	3.974.478	149.174.244	19.380.024	1.291.425	7.258.992	478.383	398.896	205.356.238	116.961.555
Hrein eign í lok ársins	675.531	359.927	125.744	6.687.118	676.749	28.871	0	0	0	0	94.660	0	8.648.600	205.356.238

* Rekstri peningamarkaðssjóða lauk þann 03.10.2008.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

1.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga fjárfestingasjóða. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum króna. Landsvaki hf. er dótturfélag NBI hf. og er A hluti Landsvaka hf. hluti af samstæðu NBI hf. frá 08.10.2008 en sjóðir Landsvaka hf. eru ekki hluti af samstæðu NBI hf. sökum eðli starfssemi sjóðanna. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum, sem í meginatriðum eru þær sömu og tímabilin á undan.

Í lok ársins annaðist Landsvaki hf. rekstur 7 Fjárfestingasjóða. Gengi flestra sjóða er reiknað daglega og geta fjárfestar keypt hluti í sjóðunum og fá hlutdeildarskírteini til staðfestingar á eign sinni. Ávöxtun hvers sjóðs rennur óskipt til viðkomandi hlutdeildarskírteinishafa og því safnast enginn óúthlutaður hagnaður fyrir í fjárfestingasjóðunum.

1.2 Áhrif efnahagsumhverfis á umhverfi verðbréfasjóða

Þeir erfiðleikar sem hafa verið á alþjóðlegum og innlendum fjármálamörkuðum hafa haft neikvæð áhrif á rekstur sjóða Landsvaka hf. eins og annarra fyrirtækja í landinu. Frá lokum september 2008 hefur efnahagslíf Íslands gengið í gegnum tímabil alvarlegra vandræða. Meðal áhrifa þess er snarpt verðfall íslenskra hluta- og skuldabréfa, alvarlegt gengisfall íslensku krónunnar, áhrif lögbundinnar greiðslustöðvunar á endurgreiðslu erlendra lána og hækkandi vextir á skuldabréfum ríkis og fyrirtækja. Stjórnendur geta ekki spáð fyrir um umfang, alvarleika eða tímalengd yfirstandandi efnahagsvandræða eða áhrif þeirra á framtíðarrekstur Landsvaka eða sjóða í rekstri hans.

Þrátt fyrir tilraunir ríkisstjórnar Íslands til að tryggja nægilegt lausafé í erlendum gjaldeyri haustið 2008 versnaði ástandið til muna og allt fjármálakerfi landsins varð fyrir barðinu á verstu fjármálakreppu Íslandssögunar. Þrjár stærstu bankar landsins voru yfirteknir af Fjármálaeftirlitinu í október, þar á meðal móðurbanki Landsvaka Landsbanki Íslands hf.. Sameiginleg markaðshlutdeild þessara þriggja banka á Íslandi nam um það bil 85% af markaðnum, fall þeirra lamaði því nánast alla bankastarfsemi landsins ásamt erlendri greiðslumiðlun. Ströng gjaldeyrishöft voru tekin upp, skuldabréfamarkaðurinn féll saman og hlutabréfamarkaðurinn nánast þurrkaðist út eftir að hafa fallið um meira en 90% á árinu. Íslenska krónan féll auk þess um meira en 50% á árinu 2008. Í kjölfar þessa hruns hófu stjórnvöld tilraunir til að endurreisa krónuna og bankastarfsemi landsins. Nýr banki var stofnaður í stað hvers hinna föllnu og innlendar eignir gömlu bankanna fluttir í þá og skilaneindir voru skipaðar til að hafa yfirumsjón með eignum gömlu banka. Þetta var gert á grundvelli neyðarlaga, lög 125/2008.

1.3 Matsaðferðir

Við gerð reikningsskila þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo að mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda getur raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst annað.

1.4 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til miðað við virka vexti.

Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun aðalfundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir.

Fjármagnstekjuskattur vegna arðs af erlendum hlutabréfum er dreginn frá arðstekjunum í rekstrarreikningi.

Gengismunur vegna verðbréfa er færður til tekna miðað við síðasta skráða kaupgengi ársins 2008.

Í sjóðum skráðum í íslenskum krónum eru viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum umreiknuð yfir í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Í sjóðum skráðum í erlendri mynt er gengið fært yfir í íslenskar krónur í lok ársins. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Skýringar

1.5 Umsýslupóknun

Fjárfestingasjóðir B-hluta Landsvaka hf. greiða A-hluta Landsvaka hf. umsýslupóknun fyrir að annast daglegan rekstur sjóðanna svo sem laun starfsmanna, markaðskostnað, endurskoðun, reikningshald sjóða, vörslupóknun og umsýslu. Umsýslupóknunin reiknast daglega sem fast hlutfall af hreinni eign viðkomandi sjóðs í þeirri mynt sem hann er í. Umsýslupóknun er sem hér segir:

Safnbref Varfærin.....	1,25%
Safnbref Blönduð.....	1,25%
Safnbref Framsækin.....	1,25%
Fyrirtækjabref.....	1,00% *
Úrvalsbréf.....	1,65%
Landsbanki Diversified Yield Fund.....	1,00%
Peningabref ISK.....	0,70%
Peningabref EUR.....	0,40% **
Peningabref GBP.....	0,40%
Peningabref USD.....	0,40% ***
Peningabref CAD.....	0,40%
Peningabref DKK.....	0,40%

* Lokað var fyrir viðskipti með Fyrirtækjabref Landsbankans 06.10.2008. Umsýsla var reiknuð fyrir tímabilið janúar - september 2008.

** Samkvæmt ákvörðun stjórnar Landsvaka hf. var ekki reiknuð umsýsla í Peningabrefum EUR tímabilið janúar - ágúst 2008.

*** Samkvæmt ákvörðun stjórnar Landsvaka hf. var engin umsýsla reiknuð í Peningabrefum USD á árinu 2008.

1.6 Verð- eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu samkvæmt myntskráningu NBI hf. Sjóðir sem eru með rekstur í erlendri mynt og starfsrækslugjaldmiðil annan en isk eru birtir í íslenskum krónum í reikningsskilum Landsvaka hf. með því að nota það gengi sem síðast var skráð á árinu samkvæmt myntskráningu NBI hf. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í

1.7 Fjárfestingar

Vegna áhrifa fjármálakreppunar í heiminum eru vísbendingar um að markaðir hafa orðið óvirkir og ógegnisæi hefur oft á tíðum skapast með fjárfestingar utan reglubundinna markaða. Afleiðing af flökti fjármálamarkaða er minnkun og fækkun reglubundinna viðskipta milli ótengdra aðila fyrir suma fjármálagerninga og er að mati stjórnar í sumum tilvikum ekki lengur um virka markaði til verðmyndunar að ræða. Þar af leiðir að hluti verðmats í árslok 2008 fer fram með öðrum matsaðferðum. Markmið þeirra er að meta hvert virði í viðskiptum hefði verið við lok tímabilsins í viðskiptum milli ótengdra aðila byggðum á eðlilegum viðskiptahvötum. Verðmat felur því í sér að tekið sé tillit til núverandi markaðsaðstæðna, þar á meðal lausafjárstöðu á markaði og núverandi dreifingu ávöxtunarkröfu. Við matið er að takmörkuðu leiti tekið tillit til atburða sem áttu sér stað eftir árslok 2008. Frá áramótum hafa fjármálamarkaðir haldið áfram að lækka og staða margra fyrirtækja versnað sem hefur haft neikvæð áhrif á eignastöðu sjóðanna.

Verðbréf með föstum tekjum sem skráð eru á skipulegum og virkum verðbréfamarkaði eru metin á opinberu gengi í lok desember 2008. Virði annarra verðbréfa með föstum tekjum er háð mati rekstrarfélags að teknu tilliti til markaðsaðstæðna hverju sinni samanber hér að ofan. Við mat á þessum eignum er reiknuð niðurfærsla sem tekur mið af almennri áhættu sem tengist starfseminni. Sértek niðurfærsla er færð telji rekstrarfélag þörf á því.

Verðbréf með breytilegum tekjum eru hlutabréf, hlutdeildarskríteini og aðrir fjármálagerningar með breytilegum tekjum. Hlutabréf sem skráð eru á skipulegum og virkum verðbréfamarkaði eru metin á markaðsverði í lok desember 2008, þó að teknu tilliti til þess ef markaður er ekki talinn virkur þá er beitt öðrum aðferðum við mat þeirra eigna samanber hér að ofan. Hlutdeildarskríteini í fjárfestingasjóðum eru metin samkvæmt því kaupgengi sem gildi á markaðnum 31. desember 2008.

Innlán hjá lánastofnunum eru uppfærð með áföllnum vöxtum og/eða gengismun miðað við lok desember 2008.

Skýringar

Afleiðusamningar eru almennt færðir á gangvirði í efnahagsreikningi miðað lok desember 2008. Samningar með jákvæða stöðu eru færðir til eignar en samningar með neikvæða stöðu eru færðir til skuldar. Breyting á gangvirði afleiðusamninga eru færð jafnóðum í rekstrarreikning sjóðanna. Öllum afleiðusamningum fjárfestingasjóða var lokað fyrir árslok, í einhverjum tilfella var skuldajafnað við Landsbanka Íslands hf. og byggði sú skuldajöfnun m.a. á lögfræðilegri álitsgerð um heimild til skuldajafnaðar. Verði niðurstaðan frábrugðin fyrri aðgerð og mati rekstrarfélagsins er mat þessarra fjáreigna annað.

1.8 Aðrar eignir

Aðrar eignir eru óframkomin viðskipti, viðskiptakröfur og frávik frá birtu gengi. Aðrar eignir eru metnar á nafnvirði í árslok.

1.9 Aðrar skuldir

Aðrar skuldir eru óframkomin viðskipti, viðskiptaskuldir og frávik frá birtu gengi. Aðrar skuldir eru metnar á nafnvirði í árslok.

1.10 Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði og samskiptareikningi verðbréfavíðskipta að frádreginni skuld við lánastofnanir.

1.11 Skattamál

Fjárfestingasjóðir B-hluta Landsvaka hf. eru ekki sjálfstæðir skattaðilar. Ávöxtun hvers sjóðs rennur óskipt til viðkomandi hlutdeildarskírteinishafa og því safnast enginn óúthlutaður hagnaður fyrir í sjóðunum. Einstaklingar greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði bréfanna við innlausn. Hjá lögaðilum telst hagnaður eða tap af hlutdeildarskírteinum til skattskyldra tekna eða frádráttarbærra gjalda óháð innlausn.

Sjóðirnir eru undanþegnir fjármagnstekjuskatti skv.lögum 94/1996. Þeir eru þó ekki undanþegnir fjármagnstekjuskatti í þeim löndum þar sem fjármagnstekjuskattur er lagður á tekjur erlendra aðila og ekki eru í gildi tvísköttunarsamningar milli Íslands og viðkomandi ríkis um að slíkar tekjur skuli skattleggjast hérlendis.

2. Fjárhagsleg áhættustjórnun

2.1 Fjárhagslegir áhættuþættir

Starfsemi félagsins hefur í för með sér margvíslega áhættu s.s. áhrif breytinga á gengi fjármálagerninga, erlendra gjaldmiðla, greiðsluhæfi skuldara og vaxtabreytinga. Áhættustjórnun félagsins beinist að aðgerðum til þess að stýra þessum áhættuþáttum. Sjóðsstjórar sjóðanna leitast við að stýra áhættuþáttum ma. með virkri stýringu fjármálagerninga þar sem það á við.

Skýringar

3. Hlutdeildarskírteini

Sjóðir með ISK sem uppgjörsmýnt eru sýndir með raunávöxtun á ársgrundvelli en sjóðir með uppgjörsmýnt aðra en ISK eru sýndir með nafnávöxtun á ársgrundvelli í viðkomandi mynt. Ávöxtun einstakra sjóða og heildarnafnverð hlutdeildarskírteina í viðkomandi mynt í lok ársins var sem hér segir:

	Uppgjörs mynt	Síðustu 3 mánuði	Síðustu 6 mánuði	Síðustu 12 mánuði	Heildar- nafnverð
Safnbréf Varfærin	ISK	-86,18%	-59,79%	-38,14%	9.094
Safnbréf Blönduð	ISK	-87,97%	-61,55%	-40,76%	5.051
Safnbréf Framsækin	ISK	-90,90%	-71,28%	-51,19%	2.190
Fyrirtækjabréf.....	ISK	-99,17%	-90,54%	-69,23%	4.144.451 *
Úrvalsbréf.....	ISK	-99,33%	-94,20%	-84,03%	674.725
Landsbanki Diversified Yield Fund.....	ISK	-22,78%	-25,28%	-19,98%	272 **
Peningabréf CAD.....	CAD	-	-	1,68%	10 ***

*Fyrirtækjabréfum Landsbankans var lokað 06.10.2008 og eru í slitameðferð.

**Landsbanki Diversified Yield Fund hefur verið lokaður síðan 03.10.2008 og er nú í slitameðferð.

***Peningabréf CAD hefur verið lokaður frá 03.10.2008 og er í slitameðferð.

Síðastliðin þrjú ár var bókfært verð og gengi hlutdeildarskírteina einstakra sjóða sem hér segir:

	31.12.2006		31.12.2007		31.12.2008	
	Bókf. verðm. hlutd.sk.	Kaupgengi hlutd.sk.	Bókf. verðm. hlutd.sk.	Kaupgengi hlutd.sk.	Bókf. verðm. hlutd.sk.	Kaupgengi hlutd.sk.
	í þús. kr.		í þús. kr.		í þús. kr.	
Safnbréf Varfærin.....	-	-	1.487.701	107,51	675.531	77,38
Safnbréf Blönduð.....	-	-	740.451	102,98	359.927	70,98
Safnbréf Framsækin	-	-	260.993	100,07	125.744	56,83
Fyrirtækjabréf.....	18.272.302	4,214	13.112.197	4,507	6.687.118	1,615311 **
Úrvalsbréf.....	7.469.026	5,183	7.798.454	5,399	676.749	1,003
Landsb.Diversif.Yield Fund	1.693.804	102,518	3.974.478	114,143	28.871	106,276749
Peningabréf.....	80.137.126	24,460	149.174.244	27,976	0	
Peningabréf EUR	4.186.399	102,679 *	19.380.024	107,1968 *		***
Peningabréf GBP	1.207.089	104,030 *	1.291.425	110,6056 *		***
Peningabréf USD	1.926.633	104,196 *	7.258.992	109,9808 *		***
Peningabréf CAD	-	-	478.383	103,1830 *	94.660	****
Peningabréf DKK	-	-	398.896	103,1881 *		***
Samtals	114.892.379		205.356.238		8.648.600	

* Skv. birtu gengi í erlendri mynt.

**Fyrirtækjabréfum Landsbankans var lokað 06.10.2008 og eru í slitameðferð.

***Peningabréfasjóðum Landsbankans var lokað í samræmi við bréf FME dags. 17.10.2008 og var sjóðunum slitið 29.10.2009 fyrir utan Peningabréf CAD.

****Peningabréf CAD hefur verið lokaður frá 03.10.2008 og er í slitameðferð.

Skýringar

4. Aðrar skuldir

Samkvæmt 54. gr. laga nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði má hlutfall skammtímaskulda af eignum fjárfestingarsjóðs ekki fara upp fyrir 25% af eignum sjóðsins.

Hér á eftir er gerð grein fyrir hlutföllum skammtímaskulda af heildareignum í einstökum sjóðum félagsins í lok ársins.

Safnbréf Værfærin	0,23%
Safnbréf Blönduð	0,17%
Safnbréf Framsækin	0,16%
Fyrirtækjabréf	16,93%
Úrvalsbréf	3,17%
Landsbanki Diversified Yield Fund	59,73% *
Peningabréf CAD	0,00%

*Staða skammtímaskulda í Landsbanki Diversified Yield Fund skýrist af skuldastöðu á USD bankareikningi sem orsakaðist af lokun á gjaldmiðlasamningum sjóðsins við hrun bankanna.

5. Fjárfestingar - Fjárfestingasjóðir

Meðfylgjandi er sundurliðun verðbréfaeignar einstakra sjóða og hlutfallsleg skipting verðbréfaeignar í lok desember 2008:

Verðbréfaeign:	Ríki, sveitarfélög, eða alþjóðlegar stofnanir				31.12.2008 Samtals
	útg. eða í ábyrgð	Hlutdeildar- skírteini	Hlutabréf	Annað	
Safnbref Varfærin					
Verðbréf, önnur en peningamarkaðsskjöl, skráð á skipulegum verðbréfamarkaði.....	0	96.875	653	59.200	156.728
Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða.....	0	346.841	0	0	346.841
	0	443.716	653	59.200	503.569
Safnbref Blönduð					
Verðbréf, önnur en peningamarkaðsskjöl, skráð á skipulegum verðbréfamarkaði.....	0	0	1.232	530	1.762
Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða.....	0	167.100	0	0	167.100
Aðrir fjármálagerningar.....	0	61.476	0	0	61.476
	0	228.576	1.232	530	230.338
Safnbref Framsækin					
Verðbréf, önnur en peningamarkaðsskjöl, skráð á skipulegum verðbréfamarkaði.....	0	0	650	0	650
Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða.....	0	33.229	0	0	33.229
Aðrir fjármálagerningar.....	0	60.036	0	0	60.036
	0	93.265	650	0	93.915
Fyrirtækjabréf					
Verðbréf, önnur en peningamarkaðsskjöl, skráð á skipulegum verðbréfamarkaði.....	1.852	0	0	7.394.205	7.396.057
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum.....	0	0	0	312.142	312.142
Aðrir fjármálagerningar.....	0	0	0	171.904	171.904
	1.852	0	0	7.878.251	7.880.103
Úrvalsbréf					
Verðbréf, önnur en peningamarkaðsskjöl, skráð á skipulegum verðbréfamarkaði.....	0	0	533.981	0	533.981
Afleiður utan skipulegra verðbréfamarkaða.....	0	0	0	0	0
	0	0	533.981	0	533.981
Landsbanki Diversified Yield Fund					
Verðbréf, önnur en peningamarkaðsskjöl, skráð á skipulegum verðbréfamarkaði.....	0	0	0	0	0
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum.....	0	0	0	29.440	29.440
	0	0	0	29.440	29.440
Peningabréf CAD					
Peningamarkaðsskjöl skráð á skipulegum verðbréfamarkaði.....	0	0	0	0	0
	0	0	0	0	0

Hlutfallsleg skipting verðbréfaeignar:	Ríki, sveitarfélög, eða alþjóðlegar stofnanir				31.12.2008 Samtals %
	útg. eða í ábyrgð %	Hlutdeildar- skírteini %	Hlutabréf %	Annað %	
Safnbréf Varfærin					
Verðbréf, önnur en peningamarkaðsskjöl, skráð á skipulegum verðbréfamarkaði.....	0,0%	19,2%	0,1%	11,8%	31,1%
Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða.....	0,0%	68,9%	0,0%	0,0%	68,9%
	0,00%	88,11%	0,13%	11,76%	100,00%
Safnbréf Blönduð					
Verðbréf, önnur en peningamarkaðsskjöl, skráð á skipulegum verðbréfamarkaði.....	0,0%	0,0%	0,5%	0,2%	0,8%
Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða.....	0,0%	72,5%	0,0%	0,0%	72,5%
Aðrir fjármálagerningar.....	0,0%	26,7%	0,0%	0,0%	26,7%
	0,0%	99,2%	0,5%	0,2%	100,0%
Safnbréf Framsækin					
Verðbréf, önnur en peningamarkaðsskjöl, skráð á skipulegum verðbréfamarkaði.....	0,0%	0,0%	0,7%	0,0%	0,7%
Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða.....	0,0%	35,4%	0,0%	0,0%	35,4%
Aðrir fjármálagerningar.....	0,0%	63,9%	0,0%	0,0%	63,9%
	0,0%	99,3%	0,7%	0,0%	100,0%
Fyrirtækjabréf					
Verðbréf, önnur en peningamarkaðsskjöl, skráð á skipulegum verðbréfamarkaði.....	0,0%	0,0%	0,0%	93,8%	93,8%
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum.....	0,0%	0,0%	0,0%	4,0%	4,0%
Aðrir fjármálagerningar.....	0,0%	0,0%	0,0%	2,2%	2,2%
	0,0%	0,0%	0,0%	100,0%	100,0%
Úrvalsbréf					
Verðbréf, önnur en peningamarkaðsskjöl, skráð á skipulegum verðbréfamarkaði.....	0,0%	0,0%	100,0%	0,0%	100,0%
Afleiður utan skipulegra verðbréfamarkaða.....	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
	0,0%	0,0%	100,0%	0,0%	100,0%
Landsbanki Diversified Yield Fund					
Verðbréf, önnur en peningamarkaðsskjöl, skráð á skipulegum verðbréfamarkaði.....	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum.....	0,0%	0,0%	0,0%	100,0%	100,0%
	0,0%	0,0%	0,0%	100,0%	100,0%
Peningabréf CAD					
Peningamarkaðsskjöl skráð á skipulegum verðbréfamarkaði.....	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%

Skýringar

6. Aðrar upplýsingar

Vegna Safnbréfa Varfærinna

Þann 9. mars 2009 ákvað Fjármálaeftirlitið að grípa inn í rekstur Straums-Burðaráss fjárfestingarbanka hf. á grundvelli laga nr. 125/2008, sem sett voru í október 2008 vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði ofl. Fjármálaeftirlitið skipaði í kjölfarið skilanefnd sem tók við öllum heimildum stjórnar bankans. Þann 17. mars 2009 tók Fjármálaeftirlitið þá ákvörðun að fela Íslandsbanka hf. að yfirtaka innlánaskuldbindingar Straums-Burðaráss Fjárfestingarbanka hf., aðrar en þær sem stofnað hafi verið til með þeim hætti að skuldbindingum bankans sem áður voru í formi skuldabréfa og sambærilegra skuldaviðurkenninga hafi verið breytt í innlán með þeim hætti að skuldabréfin hafi verið greidd upp og innlán stofnuð í staðinn. Í ákvörðuninni kom fram að Fjármálaeftirlitið telur að innlán sem stofnað hafi verið til með framangreindum hætti skuli meðhöndlaðar sérstaklega þar sem gerningarnir kunni að vera riftanlegir þar sem umræddar skuldbindingar hafi verið greiddar fyrir gjalddaga og/eða ríkari trygging veitt fyrir eldri skuld. Verulegur hluti eigna sjóðsins er í innlánum hjá Straumi-Burðarás sem áður voru skuldabréf. Við ofangreinda atburði skapaðist veruleg óvissa um stöðu og verðmæti þeirra innlána og í ljósi þeirrar óvissu hafa þau því verið færð niður um 75% á árinu 2009.

Safnbréf varfærin - frestun viðskipta. Þann 18. mars 2009 tók stjórn Landsvaka ákvörðun í samræmi við 2. mgr. 53. gr. laga nr. 30/2003 um að fresta viðskiptum með Safnbréf varfærin þar sem óvissa ríkti um verðmat á innlánum sjóðsins í Straumi-Burðarási fjárfestingabanka. Ákvörðunin var tekin með hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi og byggði á því að Fjármálaeftirlitið gaf þann 17. mars 2009 út ákvörðun þess efnis að þau innlán Straums-Burðaráss fjárfestingabanka sem stofnað var til með þeim hætti að skuldabréf voru greidd upp fyrir gjalddaga bréfanna og andvirði þeirra breytt í innlán skyldu meðhöndluð sérstaklega sbr. skýringu sjá hér að ofan.

Vegna Fyrirtækjabréfa

Ákvörðun um slit. Vegna aðstæðna á fjármálamörkuðum í upphafi október mánaðar 2008, sem leiddu m.a. til setningar neyðarlaga nr. 125/2008, skapaðist mikil óvissa um verðlagningu ómarkaðshæfra skuldabréfa á íslensk fyrirtæki. Vegna þessa reyndist erfitt að verðleggja stærstan hluta eignasafns Fyrirtækjabréfa Landsbankans. Þann 6. október tók stjórn Landsvaka hf. þá ákvörðun að loka fyrir innlausnir og kaup í sjóðnum. Var ákvörðunin tekin í samræmi við 2. mgr. 53. gr. laga nr. 30/2003 til að vernda hagsmuni sjóðfélaga.

Stjórn Landsvaka hf. samþykkti þann 12. janúar 2009 nýjar reglur fyrir Fyrirtækjabréf Landsbankans. Þessar reglur miða að því að tryggja jafnræði allra hlutdeildarskírteinishafa þannig að allir fái greitt hlutfallslega úr sjóðnum í samræmi við eign sína. Í framhaldi af þessu verður hlutdeildarskírteinishöfum greitt reglulega það reiðufé sem innheimtist inn á vörslureikning samhliða vaxtagjalddögum og lokagjalddögum eigna sjóðsins, sem og það reiðufé sem fæst með sölu á eignum sjóðsins. Um er að ræða aðgerðir sem munu leiða til slita á sjóðnum þegar öllum eignum hans hefur verið ráðstafað til hlutdeildarskírteinishafa í samræmi við það sem að framan greinir.

Samkvæmt fjárfestingarstefnu Fyrirtækjabréfa Landsbankans var meginhlutverk sjóðsins að fjárfesta í skuldabréfum fyrirtækja og fjármálastofnana. Við fall bankanna var eign Fyrirtækjabréfa í skuldabréfum gömlu viðskiptabankana þriggja, Glitnis, Kaupþings og Landsbankans, auk Samson, um 35% af heildareignum sjóðsins. Ljóst er að þessar eignir sjóðfélaga hafa að stærstum hluta tapast, enda viðkomandi félög komin í greiðslustöðvun. Við það bætist að mörg íslensk fyrirtæki standa höllum fæti í þeim efnahagserfiðleikum sem ríkja í samfélaginu og því ekki ljóst hvernig heimtur verða á þeim fyrirtækjaskuldabréfum sem sjóðurinn á.

Um áramótin var sértæk niðurfærsla verðbréfa sjóðsins 17,3 milljarðar króna. Frá þeim tíma hafa til viðbótar gerst atburðir sem kalla á meiri óvissu í mati á verðbréfasafni sjóðsins.

Skýringar

Vegna Peningamarkaðssjóða

Þann 17.10.2009 beindi Fjármálaeftirlitið þeim tilmælum til rekstrarfélaga verðbréfasjóða að grípa til aðgerða sem leiða myndu til þess að peningamarkaðssjóðum félaganna yrði slitið. Þeim tilmælum var beint til rekstrarfélaganna að ekki yrði opnað fyrir innlausnir í sjóðunum, heldur yrði sjóðsfélögum greitt úr þeim. Í ljósi þessa tilmæla leitaði stjórn Landsvaka hf. allra leiða til að finna þær lausnir sem væru hagstæðastar fyrir hlutdeildarskírteinishafa til þess að eyða allri óvissu þeirra og koma fjármunum í ávöxtun í formi öruggra innlána. Stjórn Landsvaka hf. tók því ákvörðun um að selja allar eignir sjóðanna og að öllum peningamarkaðssjóðum í rekstri félagsins fyrir utan einn yrði slitið. Þeir sjóðir sem voru lagðir niður samkvæmt tilmælum voru peningamarkaðssjóðir sem höfðu verið reknir í fimm myntum: ISK, EUR, USD, GBP og DKK.

Útgreiðsluhlutföll þann 28. október 2009 fyrir Peningamarkaðssjóði voru sem hér segir:

Peningabréf í ISK: 68,8%

Peningabréf í EUR: 67,3%

Peningabréf í USD: 60,0%

Peningabréf í GBP: 74,1%

Peningabréf í DKK: 70,1%

Í öllum tilvikum var um fullnaðargreiðslu að ræða í mynt viðkomandi sjóðs. Allt laust fé hvers peningamarkaðssjóðs var greitt inn á innlánsreikninga sjóðsfélaga í hlutfalli við eign þeirra þann 29. október 2008.

Fagjáfrestasjóðir Landsvaka hf.

Ársreikningur 2008

Landsbanki Private Equity I

Fagjáfrestasjóður með útgáfu skuldabréfa

Ársreikningur 2008

Rekstrarreikningur ársins 2008

		<u>2008</u>	<u>2007</u>
	Skýr.		
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vextir og gengismunur.....	3	456.983	890.049
Vaxtagjöld, þóknarir og afgreiðslugjöld.....		(195.437)	(140.784)
<i>Hreinar fjármunatekjur</i>		<u>261.546</u>	<u>749.265</u>
 Rekstrargjöld			
Umsýsluþóknun.....		42.116	34.611
Annar rekstrarkostnaður.....		<u>2</u>	<u>1.750</u>
<i>Rekstrargjöld alls</i>		42.117	36.361
 Hagnaður ársins			
		<u><u>219.428</u></u>	<u><u>712.904</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2008

Eignir	Skýr.	31.12.2008	31.12.2007
Fjárfestingar	5		
Verðbréf með breytilegum tekjum.....		0	569.345
Aðrar fjárfestingar.....		3.515.951	2.827.365
Afleiður.....		0	127.507
<i>Fjárfestingar alls</i>		3.515.951	3.524.218
Áskriftarloforð.....		2.010.000	2.010.000
<i>Áskriftarloforð alls</i>		2.010.000	2.010.000
Aðrar eignir			
Handbært fé.....		644.374	6
Aðrar eignir.....		276	219
<i>Aðrar eignir alls</i>		644.650	225
Eignir alls		6.170.601	5.534.442
Skuldir			
Hlutdeildarskírteini.....		68.272	57.301
Skuldabréfaútgáfa.....	4	5.115.116	5.442.530
Aðrar skuldir			
Skuld við Landsbanka Íslands hf.....		944.493	0
Aðrar skuldir.....		42.721	34.611
<i>Aðrar skuldir alls</i>		987.214	34.611
Skuldir alls		6.170.601	5.534.442

Sjóðsstreymi 1. janúar - 31. desember 2008

	<u>2008</u>	<u>2007</u>
Rekstrarhreyfingar		
Hreint veltufé frá rekstri:		
Hagnaður ársins	219.428	712.904
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:		
Gengismunur	<u>1.377.519</u>	<u>(688.326)</u>
	1.596.948	24.578
Lækkun rekstrartengdra eigna:		
Skammtímakröfur	0	600
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:		
Skammtímaskuldir	<u>952.545</u>	<u>(69.209)</u>
	952.545	(68.609)
Handbært fé frá rekstri	<u>2.549.493</u>	<u>(44.031)</u>
Fjárfestingahreyfingar		
Breytingar vegna kaupa og sölu verðbréfa	(1.339.872)	(115.275)
Fjármögnunarhreyfingar		
Breytingar vegna skuldabréfa	(565.252)	0
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	644.368	(159.307)
Handbært fé í byrjun	5	159.312
Handbært fé í lok ársins	<u><u>644.374</u></u>	<u><u>5</u></u>

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

1.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum króna. Landsvaki hf. er dótturfélag NBI hf. og er A hluti Landsvaka hf. hluti af samstæðu NBI hf. en sjóðir Landsvaka hf. eru ekki hluti af samstæðu NBI hf. sökum eðli starfssemi sjóðanna. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum, sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan.

Fagfjárfestastjóðir Landsvaka hf. eru sjóðir sem eingögnu eru ætlaðir fyrir fagfjárfesta. Fjárfestar í sjóðnum verða að uppfylla skilyrði laga og reglna er gilda um fagfjárfesta.

1.2 Áhrif efnahagsumhverfis á umhverfi verðbréfasjóða

Þeir erfiðleikar sem hafa verið á alþjóðlegum og innlendum fjármálamörkuðum hafa haft neikvæð áhrif á rekstur sjóða Landsvaka hf. eins og annarra fyrirtækja í landinu. Frá lokum september 2008 hefur efnahagslíf Íslands gengið í gegnum tímabil alvarlegra vandræða. Meðal áhrifa þess er snarpt verðfall íslenskra hluta- og skuldabréfa, alvarlegt gengisfall íslensku krónunnar, áhrif lögbundinnar greiðslustöðvunar á endurgreiðslu erlendra lána og hækkandi vextir á skuldabréfum ríkis og fyrirtækja. Stjórnendur geta ekki spáð fyrir um umfang, alvarleika eða tímalengd yfirstandandi efnahagsvandræða eða áhrif þeirra á framtíðarrekstur Landsvaka eða sjóða í rekstri hans.

1.3 Matsaðferðir

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda getur raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst annað. Eignastaða annarra fjárfestinga 31.12.2008 hjá Landbanka Private Equity 1 er samkvæmt stöðuyfirliti frá erlendum fjárfestum á eignum 31.12. 2008. Allur uppreikningur á gjaldmiðlagengi miðast við gengisbirtingu NBI hf. í lok árs.

1.4 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til miðað við virka vexti.

Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun aðalfundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir.

Fjármagnstekjuskattur vegna arðs af erlendum hlutabréfum er dreginn frá arðstekjunum í rekstrarreikningi.

Gengismunur vegna verðbréfa er færður til tekna eða gjalda miðað við síðasta skráða kaupgengi ársins.

Í sjóðum skráðum í íslenskum krónum eru viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Í sjóðum skráðum í erlendri mynt er gengið fært yfir í íslenskar krónur í lok árs. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok árs í tilfelli sjóða færðum í íslenskum krónum.

1.5 Umsýslupóknun

Landbanki Private Equity 1 greiðir A-hluta Landsvaka hf. umsýslupóknun fyrir að annast daglegan rekstur sjóðanna svo sem laun starfsmanna, markaðskostnað, endurskoðun, reikningshald sjóða, vörslupóknun og umsýslu.

Í eftirfarandi sjóð reiknast umsýslupóknunin daglega sem fast hlutfall af hreinni eign sjóðsins:

Landsbanki Private Equity Fund 1.....	0,75%
---------------------------------------	-------

Skýringar

1.6 Gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð í desember samkvæmt mynstráningu NBI hf. Áfallinn gengismunur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning.

1.7 Fjárfestingar

Vegna áhrifa fjármálakreppunar í heiminum eru vísbendingar um að markaðir hafa orðið óvirkir og ógegnsæi hefur oft á tíðum skapast með fjárfestingar utan reglubundinna markaða. Afleiðing af flökki fjármálamarkaða er minnkun og fækkun reglubundinna viðskipta milli ótengdra aðila fyrir suma fjármálagerninga og er að mati stjórnar í sumum tilvikum ekki lengur um virka markaði til verðmyndunar að ræða. Þar af leiðir að hluti verðmats við árslok 2008 fer fram með öðrum matsaðferðum. Markmið þeirra er að meta hvert virði í viðskiptum hefði verið við lok tímabilsins í viðskiptum milli ótengdra aðila byggðum á eðlilegum viðskiptahvötum. Verðmat felur því í sér að tekið sé tillit til núverandi markaðsaðstæðna, þar á meðal lausafjárstöðu á markaði og núverandi dreifingu ávöxtunarkröfu. Við matið er að takmörkuðu leiti tekið tillit til atburða sem áttu sér stað eftir árslok 2008. Frá áramótum hafa fjármálamarkaðir haldið áfram að lækka og staða margra fyrirtækja versnað sem hefur haft neikvæð áhrif á eignastöðu sjóðanna.

Verðbréf með breytilegum tekjum eru hlutdeildarskírteini í sjóðum sem metin eru samkvæmt því kaupgengi sem gildi á markaðnum í lok árs eða síðasta birta innra virði viðkomandi sjóðs.

Aðrar fjárfestingar eru metnar á kaupverði, markaðsverði ef það er til eða áætluðu matsvirði samanber hér að ofan.

1.8 Aðrar eignir

Aðrar eignir eru krafa á Ríkissjóð. Krafan er færð á nafnvirði.

1.9 Aðrar skuldir

Aðrar skuldir eru ógreidd umsýsla vegna 2008. Skuldin er færð á nafnvirði.

1.10 Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði og samskiptareikningi verðbréfavíðskipta.

1.11 Skattamál

Fagfjárfestastjóðir B-hluta Landsvaka hf. eru ekki sjálfstæðir skattaðilar.

Sjóðurinn eru undanþegn fjármagnstekjuskatti vegna hlutdeildarskírteina skv. lögum 94/1996. Þeir eru þó ekki undanþegnir fjármagnstekjuskatti í þeim löndum þar sem fjármagnstekjuskattur er lagður á tekjur erlendra aðila og ekki eru í gildi tvísköttunarsamningar milli Íslands og viðkomandi ríkis um að slíkar tekjur skuli skattleggjast hérlendis.

2. Fjárhagsleg áhættustjórnun

2.1 Fjárhagslegir áhættuþættir

Starfsemi félagsins hefur í för með sér margvíslega áhættu s.s. áhrif breytinga á gengi fjármálagerninga, erlendra gjaldmiðla, greiðsluhæfi skuldara og vaxtabreytinga. Áhættustjórnun félagsins beinist að aðgerðum til þess að stýra þessum áhættuþáttum. Sjóðsstjórar sjóðanna leitast við að stýra áhættuþáttum ma. með virkri stýringu fjármálagerninga þar sem það á við.

Skýringar

3. Vextir, gengismunur og arður

	2008	2007
Vaxtatekjur.....	569	535
Gengismunur af mynt.....	1.328.540	183.081
Gengismunur á öðrum fjárfestingum.....	(872.126)	706.433
	<u>456.983</u>	<u>890.049</u>

4. Skuldabréfaútgáfa

	2008 31.des	2007 31.des
LPE 1 A flokkur 2005.....	0	351.034
LPE 1 B flokkur 2005.....	0	350.548
LPE 1 C flokkur 2005.....	1.087.341	993.697
LPE 1 D flokkur 2005.....	824.628	752.562
LPE 1 E flokkur - óútgefin skuldabréf.....	670.000	670.000
	<u>2.581.969</u>	<u>3.117.840</u>
LPE 1 EPN flokkur - óútgefin skuldabréf.....	1.340.000	1.340.000
Virðisaukning/minnkun EPN v/afkomu.....	1.193.147	984.690
	<u>5.115.115</u>	<u>5.442.530</u>

5. Fjárfestingar - Fagfjárfestasjóður

Meðfylgjandi er sundurliðun verðbréfaeignar Landsbanka Private Equity 1 og hlutfallsleg skipting í lok árs:

Verðbréfaeign:

	Ríki, sveitarfélög, eða alþjóðlegar stofnanir				Hlutdeildar- skírteini	Hlutabréf	Annað	31.12.2008 Samtals
	útg. eða í ábyrgð							
Landsbanki Private Equity 1								
Aðrir fjármálagerningar	0	0	0	0	3.515.951			3.515.951
	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>3.515.951</u>			<u>3.515.951</u>

Hlutfallsleg skipting verðbréfaeignar:

	Ríki, sveitarfélög, eða alþjóðlegar stofnanir				Hlutdeildar- skírteini	Hlutabréf	Annað	31.12.2008 Samtals
	útg. eða í ábyrgð							
	%	%	%	%				%
Landsbanki Private Equity 1								
Aðrir fjármálagerningar	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	100,0%			100,0%
	<u>0,0%</u>	<u>0,0%</u>	<u>0,0%</u>	<u>0,0%</u>	<u>100,0%</u>			<u>100,0%</u>

6. Aðrar upplýsingar

Áskriftarloforð

Veruleg óvissa er um stöðu áskriftaloforða í sjóðnum. Fjármálaeftirlitið tók yfir rekstur stærstu viðskiptabanka landsins, þar á meðal Landsbankann og Glitni, síðastliðið haust og tvísýnt er stöðu einstakra fyrirtækja sem áttu beina hagsmuna að gæta í þeim. Eftir áramót tók svo Fjármálaeftirlitið yfir rekstur Straums Burðarás hf. og Sparisjóðabankans. Eftirtaldir aðilar eru meðal þeirra sem hafa skráð sig fyrir áskriftarloforðum og vafi leikur á að þau muni innheimtast :

Landsbanki Íslands hf.	480.000
Stoðir hf	225.000
Straumur Burðarás hf	495.000
Sparisjóðabanki hf	45.000
	<hr/>
	1.245.000

Samhliða þessu gætu skuldbindingar sjóðsins verið í uppnámi en heildarútstandandi skuldbindingar sjóðsins nema € 11 milljónum.

Atburðir eftir lok reikningsárs

Landsvaki hf. hefur hafið viðræður við þriðja aðila varðandi sölu eigna sjóðsins ásamt yfirtöku á framtíðar skuldbindingum sjóðsins. Sjóðnum yrði mjög líklega slitið í framhaldi af slíkri sölu. Verði slíkur samningur að veruleika mun það hafa í för með sér verulega lækkun á mati eigna sjóðsins eins og það er birt hér. Yfirgnæfandi líkur eru á að sóluvirðið muni nægja til þess að sjóðurinn geti gert upp allar sínar skuldir og endurgreitt útstandandi skuldabréfaflokka með vöxtum. Hinsvegar er líklegt að virði LPE1 EPN flokks sé ekkert og eins að hlutdeildarskírteini sjóðsins séu verðlaus.